

Nefndasvið Alþings
Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn Áslaugar Björgvinsdóttur, fyrrverandi héraðsdómara, um þingmál nr. 615, þingskjal nr. 1017, frumvarp til laga um dómstóla, þ.á m. yfirlit yfir helstu athugasemdir á fundi með allsherjar- og menntamálanefnd 19. apríl 2016.

Ég þakka allsherjarnefnd fyrir að gefa mér kost á að koma fyrir nefndina og lýsa reynslu af dómskerfinu og áhyggjum af því hvernig vanda þess er ekki mætt með frumvarpi um dómstóla sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Ástæða þess að ég kýs að koma athugasemdum við frumvarpið á framfæri er að ég tel það festa í sessi þá alvarlegu ágalla sem komið hafa í ljós undanfarin ár á lagaumhverfi dómstóla og starfsskilyrðum dómara, sér í lagi hvað varðar stjórnun og stjórnslu. Álit mitt byggir ég á starfi mínu sem dómarafulltrúi og fyrsti framkvæmdastjóri Dómstólaráðs árin 1994 til 2000 og héraðsdómari í Reykjavík frá árinu 2010 til hausts 2015.

A. Samandregið lúta athugasemdir mínar að eftirfarandi þáttum:

1. Frumvarpið mætir ekki fallandi trausti almennings á dómstólum.
2. Frumvarpið er samið undir of sterkum áhrifum þess hluta handhafa dómsvaldsins sem vill tryggja ógagnsæja stjórnhætti og þar með vald til að stjórna af geðþótta.
3. Frumvarpið felur í sér veruleg fjárútlát fyrir ríkissjóð án þess að gerð sér tilraun til að mæta þeim fjárútlátum með sparnaði á öðrum sviðum, s.s. nauðsynlegum úrbótum á starfsskilyrðum héraðsdómstólanna, sameiningu þeirra og skilvirkri sáttameðferð.
4. Ekki er tryggt að valnefnd dómara vinni faglega en undanfarin ár hafa niðurstöður hennar og síbreytilegar áherslur við mat á hæfni umsækjenda sætt gagnrýni og jafnvel þótt hafa á sér geðþóttayfirbragð.¹
5. Ljóst má vera að stærsti hluti 15 dómara við Landsrétt mun koma úr röðum héraðsdómara. Héraðsdómstólarnir eru langt í frá í stakk búnir til að missa alla færustu dómara á einu bretti.
6. Ekki er tryggt að jafnréttislög gildi við skipan í allar nefndir og ráð dómsvaldsins
7. Áfram verður í boði geðþóttavald dómstjóra við úthlutun mála til dómara.
8. Hvorki er tryggt að stjórnslulög gildi við stjórnslu dómstóla né raunhæft eftirlit með stjórnendum dómstólanna og ábyrgð stjórnenda þeirra. Ítrekuðum athugasemdum umboðsmanns Alþingis allt frá árinu 2003 er ekki svarað með frumvarpinu.
9. Ekki er tryggt að fagleg hæfni sé lögð til grundvallar vali á stjórnendum dómstólanna og stjórnar fyrirhugaðrar dómstólasýslu. Áfram er m.a. stuðst við úrelt fyrirkomulag sem ekki er við lýði m.a. á öðrum Norðurlöndum, þ.e. að dómara kjósi stjórnanda dómstóls og í stjórn dómstólasýslunnar.
10. Frumvarpið tekur ekki á alvarlegum tilmælum GRECO frá árinu 2013 til íslenskra stjórnvalda að sjá til þess að íslenskir dómara fái viðeigandi fræðslu og þjálfun um siðferði, heilindi og hvernig koma má í veg fyrir hagsmunaárekstra. Í því sambandi benti GRECO sérstaklega á fámenni íslensks samfélags þar sem fyrir hendi eru rík fjölskyldutengsl og önnur persónuleg tengsl milli

¹ Skúli Magnússon dósent við lagadeild HÍ og formaður Dómarafélags Íslands m.a. um störf nefndarinnar: „Þetta skapar þá tilfinningu að geðþótti ráði mati á umsækjendum og ég lýsi sérstökum áhyggjum af því hvernig nefndin í mati sínu nú fjallar um 9 ára reynslu eins umsækjanda sem dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. Íslenskt réttarkerfi setur niður við þá umfjöllun sem þar er að finna um þetta efni.“

manna. Heldur er ekki farið að ábendingum GRECO um að einmenningsdómstólar séu verulega vafasamir út af fámenninu á viðkomandi stöðum og hættu á að viðkomandi dómari innviklist of mikið inn í samfélagið og þar með hættu hagsmunaárekstrum.

B. Opinber gagnrýni á dómssvaldið undanfarin misseri

Málefni dómstóla hafa verið til umræðu síðustu misseri og þeir gagnrýndir. Þess gagnrýni á því miður rétt á sér. Hún er ein birtingarmyndin skipulags- og stjórnunarvanda. Fyrir vikið hefur dregið úr trúverðugleika dómstóla trausti til þeirra. Það sem helst hefur verið gagnrýnt og fjallað um í fjölmiðlum er eftirfarandi:

1. Veikt dómssvald og viðvarandi fjársveldi dómsskerfisins.
2. Of mikið vinnuálag á hæstaréttardómurum sem leiðir til fúsks í störfum réttarsins.
3. Lögbundinni símenntun dómara er ekki sinnt með fullnægjandi hætti.
4. Dómstólar samþykkja nánast allar beiðnir lögreglu um rannsóknarúrskurði og gögn ekki lögð fram fyrir dómi í tengslum við slíkar beiðnir eða finnast ekki hjá dómstólum.
5. Konur vantar í Hæstarétt og tilmæli Sameinuðu þjóðanna 7. mars 2016 til stjórnvalda um tafarlausu fjölgun kvenna í Hæstarétti.
6. Valnefnd, eingöngu skipuð körlum, velur karl hæfastan til að taka sæti í Hæstarétti.
7. Vinnubrögð dómara valnefndarinnar og ósamræmi í álitum hennar.
8. Afstaða dómstóla til þolenda kynferðisofbeldis.
9. Vinavæðing og klíkuskapur ræður för í innviðum dómsskerfisins, þ.á m. geðþóttaákvæðanir um úthlutun mála og val varadómara í Hæstarétti.
10. Málsmeðferð í Aurum málinum, þ.á m. ómerking og heimvísun málsins vegna vanhæfis meðdómara og síðar dómforseta.
11. Mannréttindadómstóllinn hefur margítrekað dæmt íslenska ríkið brotlegt við tjáningarfrelsi mannréttinasáttmálans vegna dóma Hæstaréttar þar sem fjölmiðlafólk hafði verið dæmt í Hæstarétti fyrir skrif sín.
12. Við málsmeðferð í stórum sakamálum hefur verið brotið gegn Mannréttinasáttmála Evrópu og Mannréttindadómstóllinn hefur ákveðið að taka nokkur mál til meðferðar.
13. Gagnrýni á dómsskerfið m.a. um misbeitingu valds er ekki svarað.
14. Lögmenn þora ekki að hafa skoðun á vinnubrögðum dómstóla.

C. Ærið tilefni til að huga að ofangreindum þáttum. Því til stuðnings nokkur dæmi um geðþótta og misbeitingu valds af hálfu stjórnenda dómssvaldsins.

1. Stjórnendur dómstólanna hafa hundsáð skýr ákvæði jafnréttislaga við skipan fulltrúa í valnefnd dómara frá árinu 2009 og báru við sjálfstæði dómssvalds. Einungis karlar hafa verið tilnefndir sem aðalmenn þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaga um að tilnefningaraðilar skuli tilnefna bæði karl og konu.
2. Þegar krafist var upplýsinga árið 2014 um hvaða gögn höfðu verið lögð til grundvallar húsleitum og símhlerunum í úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur kom í ljós að engin gögn voru geymd þvert á fyrirmæli 15. gr. sakamálalaga. Hinir héraðsdómstólarnir geyma gögn í þessum tilvikum enda lagaskylda og mikilvægt fyrir grunaðan mann að geta síðar fengið upplýsingar um á hvaða forsendum var byggt. Ekki síður mikilvægt fyrir dómara (dómssvaldið) sem er sakaður um að hafa kveðið upp úrskurð án þess að lögð hafi verið fram fullnægjandi gögn fyrir niðurstöðunni. Dómstólaráð ákvað að tjá sig ekki og gera heldur ekki neitt í málinu enda andstætt hagsmunum ráðsmanna að tjá skoðanir sem andstæðar eru skoðunum dómstjórans í Reykjavík eða ganga gegn vilja hans.
3. Fleiri en eitt mál hafa komið inn á borð innanríkisráðuneytisins undanfarin ár, a.m.k. allt frá tíð Ögmundar Jónassonar fyrrverandi innanríkisráðherra, vegna meintra ólögmeðra starfshátta héraðsdómstólanna/dómstólaráðs. Ekki hefur verið tekið á þeim málum og þau jafnvel þöggðu

niður m.a. með gerð starfslokasamnings við fyrrverandi framkvæmdastjóra Dómstólaráðs sem sakað hafði tvo dómstólaráðsmenn, sem jafnframt voru dómstjórar, um brot.

4. Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur taldi árið 2014 tvo kvendómara hafa óhlýðnast sér og brotið gegn agavaldi sínu. Í stað þess að fara með málið í þann farveg sem lög um dómstóla kveða á um, þ.e. fyrir aganefnd, þá beindi hann erindi til Dómstólaráðs með kröfu um rannsókn á sjálfum sér, krafðist staðfestinga á lögmæti fyrirskipana hans og dómarnir hefðu gerst sekir um lögbrot. Dómstólaráð ákvað að taka erindið til meðferðar og ráðsmenn töldu sig allir hæfa til að fjalla um málið.
5. Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur réð systurson eiginkonu sinnar í launalaust starf sem lögfræðing haustið 2013 í bága við og kjarasamninga og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann var síðan ráðinn í fast starf aðstoðarmanns við dóminn í upphafi þessa árs án auglýsingar.² Dómstólaráði og flestum við dóminn var kunnugt um málavöxtu a.m.k. árið 2013. Enginn þorði að segja neitt, enda getur það haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi.
6. Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur krafði blaðamann Stundarinnar um nafn heimildarmanns þegar spurt var um hina launalausú ráðningu og ráðningu án auglýsingar og hvatti þannig blaðamanninn til refisverðs verknaðar samkvæmt 25. og 56. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Um leið tók dómstjórinn fram að blaðamaður sem hefði spurt hann áður um hið sama hefði greint dómstjóranum „skilmerkilega frá því hver hefði beðið hann um að bera upp spurningarnar við“ hann „og hvers vegna.“³
7. Þegar innanríkisráðuneytið gerði athugasemd árið 2013 við tilnefningu dómstólaráðs á ráðsmanni í endurupptökunefnd með vísan til 3.mgr. 2. gr. laga nr. 15/2013 sem banna að tilnefna m.a. tilnefningu dómara eða starfsmanna dómstóla í nefndina svaraði dómstólaráð því einfaldlega til að í tilnefningu dómstólaráðs hefði að sjálfsgöðu falist að þrátt fyrir setu viðkomandi í ráðinu gæti þessi takmörkun ekki átt við hana. Ráðuneytið lúffaði og skipaði ráðsmanninn í nefndina.

Að mati undirritaðrar hefði skilvirkt eftirlit með stjórnslu dómstólanna og eftirlit með dómstjórum án þeirra sterku hagsmunatengsla og samtryggingar sem nú er við lýði, getað komið í veg fyrir flest þau mál sem hér hafa verið rakin.

Sem dæmi um virðingu sumra stjórnenda dómstóla fyrir lögum og reglum þegar kemur að innra starfi dómstólanna má nefna aðalfund Dómarafélag Íslands árið 2012 þegar fjórir dómarnir, þar af tveir dómstjórar og verðandi dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, sem sæti áttu í stjórn félagsins, höfðu frumkvæði að þeirri tillögu að sitjandi stjórnarmenn, þeir þar á meðal, skyldu sjálfkjörnir en tvær konur sem einnig höfðu boðið sig fram til setu í stjórninni mættu bítast um eitt sæti sem hafði losnað. Einn dómstjóri til viðbótar bar tillöguna upp kinnroðalaust sem fundarstjóri. Um skýrt brot á samþykktum félagsins var að ræða og meginreglum félagaréttar. Þar sem undirrituð andmælti tillögunni, studd af þremur karldómurum, féllu stjórnarmenn frá tillögu sinni og samþykktu að kosið yrði einnig um þá líka.

D. Dómskerfið er eins og lokuð regla og verður það áfram samkvæmt frumvarpinu.

Dómskerfið er orðið eins konar vandlega lokuð sjálfseignarstofnun, sem lýtur eigin lögmálum og geðþótta, án raunhæfs eftirlits og ábyrgðar, þar sem fámennur einsleitur hópur lögfræðinga fær að ráða hverjir verða dómarnir, hverjir stjórna, hvernig er stjórnað og eiga geðþóttaval um það hvort lögum er fylgt innan dómskerfisins, s.s. jafnréttislögum og málsmeðferðarreglum stjórnsluréttar. Stjórnendur dómstólanna skáka í skjóli þess að það er ekkert raunverulegt eftirlit með stjórnslu dómstólanna og þeir geta beitt stjórnslulegu valdi sínu til að gera t.d. þeim sem gagnrýna lífið leitt.

²Sjá hér: <http://stundin.is/frett/tengslamadur-domstjora-radinn-i-launalaust-starf-h/>

³Sjá hér: <http://stundin.is/frett/domari-vill-vita-hver-heimildarmadur-stundarinnar/>

Þessi alvarlegi stjórnunar- og skipulagsvandi endurspeglast m.a. í skorti á trúverðugleika og trausti almennings til dómstóla.

Þrátt fyrir vitneskju Innanríkisráðuneytisins um að innra eftirlit héraðsdómstólanna hefur ekki gengið vel undanfarin ár og vísbendingar um skort á reglu- og lögfylgni og hentistefnu í innri starfs dómstólanna, stendur áfram til samkvæmt frumvarpinu að dómvaldið stýri sér sjálft, án nokkurra reglna um skyldu til að lúta m.a. málsmeðferðarreglum stjórnsýsluréttar, lýðræðislegu gagnsæi og hvað þá raunhæfu eftirliti.

Frumvarpið leysir m.ö.o. ekki úr stjórnunar- og stjórnsýslulegum vandamálum dómvaldsins. Til stendur að verja umtalsverðum opinberum fjármunum í kostnaðarsamar kerfisbreytingar á dómvaldinu án þess að sé verði að farið hafi fram raunverulegu greining á rótum stjórnunar- og gæðavandans í dómskerfinu og öðrum leiðum, þ.á m. ódýrari leiðum, til úrbóta s.s. með samanburði við stjórnun og skipulag dómstóla í nágrannaríkjum okkar og alþjóðleg viðmið um hvernig skipa þarf ramma um sjálfstætt, óháð og hlutlaust dómvald. Ekki verður séð að framangreint frumvarp leysi grunnvanda dómskerfisins heldur ber það hefðbundin einkenni metnaðarlausrar íslenskrar hentistefnu í frumvarpsgerð, samið af einsleitum hópi fulltrúa „fagaðila réttarkerfisins“. Hér ber löggjafinn ríka ábyrgð. Það er hlutverk löggjafans að tryggja dómstólunum starfsskilyrði í samræmi við hlutverk þeirra, þ. á m. dómurum sjálfstæði og starfsöryggi í samræmi við stjórnarskrána. Dómvaldið, sjálfstæði þess, hlutleysi og óháði er í húfi, og þar með réttarríkið.

Verður nú nánari grein gerð fyrir vanda dómskerfisins, kynntar hugmyndir að betri og ódýrari lausnum auk þess sem gerðar eru athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins, þ.e. þeim er varða stjórnun og stjórnsýslu dómstólanna.

I. Nánar um vandann og hvernig m.a. endurskipulagning og efling héraðsdómstólanna myndi styrkja dómvaldið, auka gæði og draga úr álagi á Hæstarétt

1. Á Íslandi eru 47 dómara æviskipaðir handhafar dómvalds, þriðja þáttar ríkisvaldsins. Það er hlutverk löggjafans að skapa dómvaldinu lagaramma sem tryggir faglega stjórnun þeirra og dómstólunum starfsskilyrði í samræmi við hlutverkið. Skipulag um dómvaldið, stjórnun og starfsemi dómstólanna er á ábyrgð löggjafans. Þetta er vandasamt verkefni. Það snýst ekki bara um fjármuni til kerfisins heldur ekki síður um hvernig haga þarf lögbundnu skipulagi um dómvaldið til að sjálfstæði þess, óháði og hlutleysi sé tryggt og stjórnendur hafi samfélagslega og stjórnarskrárbunda hagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum fyrir dómstólanna. Grundvallarforsendur sjálfstæðs dómvalds er m.ö.o. góð löggjöf og góðir dómara.

2. Kerfisbundinn hætta á hagsmunaárekstrum og samtryggingartengslum í núverandi skipulagi. Gildandi löggjöf um dómstólanna felur í sér innbyggða kerfisbundna hættu á hagsmunaárekstrum og samtryggingartengslum. Þessu kerfi vilja innanríkisráðuneytið og "fagaðilar réttarkerfisins" viðhalda samkvæmt frumvarpinu, sbr. m.a. 46. gr. frumvarpsins, sem vikið verður betur að hér á eftir.

3. Dregið hefur úr trúverðugleika dómvaldsins og trausti á því. Þar viljum við ekki vera, hvorki dómvaldið né samfélagið. Það má laga en til þess þarf vandaða endurskoðun á skipan og starfsemi dómstólanna, þ.á m. skipan og hæfni stjórnenda dómstóla, ráða og nefnda dómskerfisins og síðast en ekki síst þjálfun og fræðslu dómara og dómaraefna.

4. Símenntun dómara snýst um réttaröryggi og sjálfstæði dómstóla. Mikilvægt er m.a. að bregðast við ábendingum GRECO-nefndarinnar um dómskerfið frá 28. mars 2013, einkum 100. lið í VI. kafla skýrslu nefndarinnar, þar sem þeim tilmælum var beint til íslenskra stjórnvalda að sjá til þess að íslenskir dómara fái viðeigandi fræðslu og þjálfun um siðferði, heilindi

og hagsmunaárekstra.⁴ Fræðsla um framangreinda þætt er grundvallaratriði í þjálfun og viðhorfum dómara ef ríki vill halda uppi metnaðarfullu, sjálfstæðu, óháður og hlutlausu dómvaldi.

5. Frumvarpið að dómstólalögum leysir ekki vandann í dómskerfinu – róttækari skipulagsbreytinga er þörf. Rándýrt 15 dómara millidómstig án heildarendurskoðunar, þ.á m. á lausnum til að auka gæði afurða (málsmeðferðar fyrir dómi og í stjórnslu dómstólanna), er hvorki fjárhagsleg hagkvæmt eða endilega besta leiðin til að auka gæði dómvaldsins, þ.á m. að mæta m.a. kröfum um milliliðalaus sönnunarfarflu.⁵ Sem dæmi má nefna að ef 1. dómstigið, héraðsdómstólarnir yrðu styrktir og öflug gæðastjórnun innleidd, þ.á m. með innleiðingu sáttameðferðar, myndi áfrýjum og kærnum til Hæstaréttar fækka umtalsvert og þannig draga úr álagi á réttinn.

6. Endurskipulagning og úrbætur á starfsskilyrðum héraðsdómstólanna ætti að vera í forgangi. Ekki verður séð að dómstólafrumvarpið breyti nokkru um óviðunandi starfsskilyrði héraðsdómstólanna. Komi til stofnunar millidómstigs með 15 nýjum dómurum samkvæmt frumvarpinu er sú hætta er fyrir hendi að héraðsdómstólarnir verði "brain drainaðir". Flestir þeirra ef ekki allir myndu væntanlega koma frá héraðsdómstólunum. Erfitt getur verið að fylla skarðið sem þar með myndi myndast í héraðsdómstólunum m.a. vegna slakra starfsskilyrða innan þeirra.

7. Fjölgu dómara og dómstiga er ekki besta lausnin. Sú einhæfa lausn sem gripið hefur verið til undanfarin ár að fjölga ítrekað dómurum, og nú dómstigum og ásamt fjórum héraðsdómurum til viðbótar, til að mæta álagi í dómskerfinu er ekki sú besta; hvorki sú hagkvæmasta né til þess fallin að auka gæði. Endurskipulagning innri starfsemi dómstólanna, þ.á m. deildaskipting, fjölgu löglærðra aðstoðarmanna og annarra faglegra starfsmanna, er verð skoðunar.

8. Sameining héraðsdómstólana átta í tvo dómstóla, Norður- og Suðurþing, þar sem jafnframt yrðu byggðar upp öflugar sérhæfðar deildir dómara gæti eflt og bætt dómkerfið í heild sinni. Engin skoðun virðist hafa farið fram á á forsendum og hagkvæmni þess að reka átta héraðsdómstóla í landinu, þ.á m. tvo á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þ.e. í Reykjavík og Hafnarfirði, tvo dómstóla nánast hlið við hlið á Akureyri og á Sauðárkróki og fjóra einmenningsdómstóla. GRECO hefur m.a. bent á hættuna af hagsmunaárekstrum með einmenningsdómstólaskipan. Út frá sjónarhorni gæðastjórnunar er þetta líka vond skipan.⁶ Sem dæmi má nefna að í Noregi var niðurstaðan fyrir mörgum árum að lágmark fimm dómara þyrfti á dómstóla til að tryggja faglegt "niveau".⁷

II. Frumvarpið bætir ekki úr alvarlegum veikleikum í stjórnslu dómvaldsins, þ. á m. skorti á gagnsæi, raunhæfu eftirliti með stjórnendum dómvaldsins og ábyrgð þeirra

1. Ekki fjallað um stjórnslu- og stjórnunarvandamál dómstólanna í frumvarpinu. Í frumvarpinu er ekki vikið að ítrekuðum ábendingum Umboðsmanns Alþings frá 2003 um nauðsyn þess að setja stjórnslu dómstólanna og eftirliti með henni skýrari umgjörð með hliðsjón af málsmeðferðarreglum stjórnsluréttarins. Engin grein er gerð fyrir stjórnun og skipulagi dómstóla í nágrannalöndunum

⁴ Corruption prevention in respect of members of parliament, judges and prosecutors EVALUATION REPORT ICELAND Adopted by GRECO at its 59th Plenary Meeting (Strasbourg, 18-22 March 2013). Að finna hér: [https://www.coe.int/t/dghl/monitoring/greco/evaluations/round4/Eval%20IV/GrecoEval4\(2012\)8_Iceland_EN.pdf](https://www.coe.int/t/dghl/monitoring/greco/evaluations/round4/Eval%20IV/GrecoEval4(2012)8_Iceland_EN.pdf)

⁵ Sjá t.d. hugmyndir Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í 4. töl. Lögmannafélagsins 2015 um einfaldari og hagkvæmari leiðir. Að finna hér: http://www.lmfi.is/files/L%C3%B6gmanna%2015-skj%C3%A1_142287142.pdf

⁶ Corruption prevention in respect of members of parliament, judges and prosecutors EVALUATION REPORT ICELAND Adopted by GRECO at its 59th Plenary Meeting (Strasbourg, 18-22 March 2013). Að finna hér: [https://www.coe.int/t/dghl/monitoring/greco/evaluations/round4/Eval%20IV/GrecoEval4\(2012\)8_Iceland_EN.pdf](https://www.coe.int/t/dghl/monitoring/greco/evaluations/round4/Eval%20IV/GrecoEval4(2012)8_Iceland_EN.pdf)

⁷ Sbr. m.a. NOU 1999:19 Domstolene i samfunnet.

okkar til samanburðar. Heldur ekki vikið að rannsókn og skýrslu Gunnars Helga Kristinssonar prófessors frá 2011 um stjórnslu dómstólanna og ábendingum hans um alvarleg vandamál.⁸

2. Við rannsókn á dómstjóranum í Reykjavík árið 2014 voru allar helstu málsmeðferðarreglur stjórnsluréttarins brotnar, þ.á m. meginreglan um vanhæfi. Innaríkisráðuneytinu er mæta vel kunnugt um það. Dómstólaráð taldi sig ekki vanhæft til að skera úr um valdheimildir dómstjórans, sem setið hafði sem varamaður í ráðinu, og úrskurða um brot dómara gegn lögum. Ekkert væri því til fyrirstöðu í fimm manna ráði að tveir dómstjórar úrskurðuðu um eigin valdheimildir og formaður ráðsins úrskurðaði um agavald eigin yfirmanns. Heldur ekki að einn ráðsmanna tæki afstöðu til hæfis annars ráðsmanns sem fer með agavald yfir honum. Málsmeðferð ráðsins var frá upphafi með ólíkindum og stenst enga skoðun. Í stjórnslu dómstólanna virðist ráðið telja sig óbundið af öllum málsmeðferðarreglum, bæði hvað varðar efni og form.⁹ Rannsóknarinnar er ekki getið í ársskýrslu Dómstólaráðs 2014.

3. Fleiri en eitt mál inn á borð innanríkisráðuneytisins undanfarin ár vegna meintra ólögmeðtra starfshátta héraðsdómstólanna/dómstólaráðs, m.a. í tíð Ögmundar Jónassonar. Auk mín hafa fyrirverandi framkvæmdastóri Dómstólaráðs og fyrirverandi hæstaréttardómari kvartað yfir ólögmeðtum stjórnarháttum. Ekki hefur verið tekið á þeim málum heldur þau jafnvel þöggðu niður eins og áður sagði.

4. Í frumvarpinu eru ekki fullnægjandi tillögur um úrbætur á stjórnslu dómstólanna og eftirliti með henni og stjórnendum dómstólanna. Ekki er t.d. kveðið á skyldu yfirstjórnar dómsýslunnar til að lúta grundvallarreglum stjórnsluréttar, eins og meginreglu um vanhæfi eða öðrum hlutlausum málsmeðferðareglum. Ekki er hugað að lýðræðislegu gagnsæi, virku aðhaldi, raunhæfu eftirlit og ábyrgð stjórnenda dómstóla. Það samræmist ekki meginreglum réttarríkisins og mannréttindasáttmála Evrópu um raunhæft hlutlaust eftirlit með opinberum valdhöfum og ábyrgð þeirra. Heldur ekki stjórnarskrárvörðu sjálfstæðu dómsvalds og sjálfstæði dómara.

5. Áfram stendur til að fela dómurum að kjósa stjórnendur dómsvaldsins einhvern veginn og hafa eftirlit með þeim einhvern veginn. Allt í nafni sjálfstæðs dómsvalds, sbr. t.d. athugasemdir. við 46. gr. frumvarpsins að lögum um dómstóla þar sem vísað er til "sjálfstæði dómstólanna" því til stuðnings að úrlausnir stjórnar dómstólasýslunnar (kollega og undirmanna) vegna kvartana um athafnir sem forstöðumaður dómstóls framkvæmdir í skjóli stjórnunarheimilda sinna sæti ekki endurskoðun utanaðkomandi aðila. „Þykir rétt með hliðsjón af sjálfstæði dómstólanna að mál sem þessi séu eins og framast er unnt leyst innan dómskerfisins sjálfs og er ekki gert ráð fyrir að úrlausnir stjórnar dómstólasýslunnar sæti endurskoðun utanaðkomandi aðila.“ Ekki er útskýrt nánar hvernig þessi skipan treystir sjálfstæði dómsvalds. Það má jafnvel draga þá ályktun að innanríkisráðuneytið og höfundar frumvarpsins telji trúverðugleika dómsvaldsins best gætt með því að þagga gagnrýni og möguleg brot forstöðumanna dómstóla niður innan dómskerfisins.

6. Engar skýrar og fyrirsjáanlegar reglur um eftirlit og ábyrgð stjórnenda æðri dómstólanna. Samkvæmt 46. gr. getur dómstólasýslan veitt dómstjóra héraðsdómstóls skriflega áminningu eða lausn en í athugasemdum um ákvæðið er áréttað að slíkum úrræðum verði hins vegar ekki komið við gagnvart forsetum Hæstaréttar eða Landsréttar enda séu þeir kjörni af samdómurum sínum og sækji ekki umboð sitt til dómstólasýslunnar. Hvorki er kveðið á um eða útskýrt frekar hvernig bregðast eigi við mögulegum brotum forseta Landsréttar eða Hæstaréttar.

⁸ Skýrslu Gunnars Helga er að finna hér:

http://www.domstolar.is/files/Stj%C3%B3rnslu%20d%C3%B3mst%C3%B3lanna_38319180.pdf

⁹ Sjá einnig ábendingu mína til Umboðsmanns Alþingis frá 1. apríl sl. sem ég sendi formönnum allsherjar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar afrit af 13. apríl sl. Ég er reiðubúin að af afhenda Alþingi öll gögn sem ég hef undir höndum er tengjast málsmeðferð Dómstólaráðs við þessa rannsókn á dómstjóranum í Reykjavík.

7. Áfram óraunhæft og útlokað fyrir starfsmann hvað þá dómara að afhjúpa óheilindi, óvandaða stjórnarhætti og ólögmeta stjórnarhætti þar sem við framangreindar aðstæður er útilokað að dómari eða starfsmaður dómstólanna geti gagnrýnt störf eða verkferla og hvað þá lögbrot í störfum dómstjóra eða yfirstjórnar dómstólanna. Að þessu leyti er réttarstaða opinberra starfsmanna hjá dómssvaldinu einnig lakari en réttarstaða opinberra starfsmanna hjá öðrum ríkistofnunum.

8. Takmarkalaust stjórnarsýsluvald dómssvalds samræmist ekki lýðræðislegum meginreglum um skipan opinberra valdhafa og þjónar ekki réttaröryggi, hagsmunum samfélagsins, borgaranna, dómara og starfsmanna dómstólanna. Þeir síðarnefndu verða samkvæmt frumvarpinu áfram með lakari réttarstöðu en starfsmenn annarra ríkisstofnana.

9. Engar reglur um að stjórnarsýslulögin eða aðrar hlutlausar málsmeðferðarreglur gildi um rannsókn á meintum brotum forstöðumanna dómstóla. Athygli vekur að áréttað er um aganefndina í 9. gr. frumvarpsins að um meðferð mála fyrir nefndinni gildi stjórnarsýslulögin. Hins vegar er ekki minnst á að stjórnarsýslulögin gildi um rannsókn kollegastjórnarinnar (stjórnar dómstólasýslunnar) á lögmæti stjórnháttanna stjórnenda, sbr. 46. gr. frumvarpsins. Þetta er sérstakt því sá grundvallarmunur er þó á að undir aganefnd eru einmitt dómstörf dómara, þ.e. hvernig þeir beita dómssvaldinu, en skv. 46. gr eru undir "stjórnunarstörf forstöðumanns" dómstóls en ekki dómstörf! Samt engin regla um að málsmeðferðareglur gildi eða skyldu til að lúta s.s. stjórnarsýslulögum! Þetta stenst auðvitað ekki og þarf að laga með skýrum ákvæðum um skyldu stjórnenda dómssvaldsins, þ.á m. dómstólasýslunnar, til að lúta hlutlægum málsmeðferðarreglum í starfsemi dómstólasýslunnar.

10. Tryggja verður með lögum að málsmeðferð ráða og nefnda innan dómskerfisins sé í samræmi við meginreglur stjórnarsýslulaga og stjórnarsýslulega endurskoðun óháðra aðila. Grundvallaratriði er að innviðir dómskerfisins og stjórnarsýsluleg meðferð nefnda og ráða innan þess séu með þeim hætti að óhæði og hlutleysi sé tryggt og stjórnarsýsluleg meðferð fullnægi stjórnarsýslulögum og Mannréttindsáttamála Evrópu, sbr. m.a. niðurstöðu MDE í máli Oleksandr Volkov g. Úkraníu frá 27. maí 2013. M.ö.o. þarf að lögfesta skýrar og fyrirsjáanlegar málsmeðferðarreglur um starfsemi stjórnarsýslu dómstólanna (dómstólaráðs) og tryggja gagnsæi, sbr. m.a. IV. kafla, 26.-29. gr. Recommendation CM/Rec (2010)12 of the Committee of Ministers to member states on judges: independence, efficiency and responsibilities, m.a. Chapter IV – Councils for the judiciary: Í 28. gr. segir: „*Councils for the judiciary should demonstrate the highest degree of transparency towards judges and society by developing pre-established procedures and reasoned decisions*” og í 29. „*In exercising their functions, councils for the judiciary should not interfere with the independence of individual judges.*”¹⁰ Í skýrslu mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna frá 30. júní 2015 (UN resolution on independence of judges & lawyers) er m.a. lögð rík áhersla á „*the importance of ensuring accountability, transparency and integrity in the judiciary as an essential element of judicial independence and a concept inherent to the rule of law, when it is implemented in line with the Basic Principles on the Independence of the Judiciary and other relevant human rights norms, principles and standards*“.¹¹

11. Ekki gert ráð fyrir að rannsaka þurfi störf stjórnar Dómstólasýslunnar. Miðað við frumvarpið er m.a. ekki gert ráð fyrir einhver, s.s. starfsmenn dómssýslunnar, geti þurft að gera athugasemdir eða kvarta undan stjórnarsýslu stjórnar Dómstólasýslunnar. Reynslan hefur þó sýnt að þörf gæti verið á því. Hvers vegna ætti t.d. réttarstaða opinberra starfsmanna hjá dómssvaldinu að vera lakari en réttarstaða opinberra starfsmanna hjá öðrum ríkistofnunum?

¹⁰ Að finna hér: <https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1707137>

¹¹ Að finna hér: <http://www.icj.org/un-resolution-on-independence-of-judges-lawyers/> UN resolution on independence of judges & lawyers

12. Lögfesta þarf hlutlaust eftirlit með stjórnýslu forstöðumanna dómstóla og yfirstjórnar dómstólanna. Umboðsmaður getur vel gegnt því hlutverki eins og t.d. í Svíþjóð þótt vel komi einnig til greina að kveða á um eftirlits annars konar sjálfstæðs eftirlitsaðila. Þetta er grundvallaratriði og um margt snúið með hliðsjón af sjálfstæðu dómsvald. Því þarf að gefa sér tíma til að skoða vel m.a. með hliðsjón af alþjóðlegum samningum og tilmælum. Lykilatriði er að sá eftirlitsaðili þarf að þannig að sjálfstæði hans sé ekki vafa undirorpið.¹²

13. Það er „útópískt“ að halda að íslenskir dómarar, séu "Übermensch" sem fari létt með eftirlit með kollegum. Ekki frekar en aðrir og ekki síst fámennir valdahópar sem eiga allt undir trúverðugleika, s.s. lögreglumenn. Forsvarsmenn lögreglumanna, sem þó eru miklu fleiri en dómarar, horfast í augu við að slíkt fyrirkomulag gengur ekki og hafa því hafnað eftirlitskerfi þar sem lögreglumenn rannsaka kollega sína. Hér er einnig vert að hafa hliðsjón af skýrslu Feneyjarnefndarinnar frá 16. júní 2014 um "disciplinary responsibility of judges"¹³ þar er m.a. velt upp leiðum til að tryggja að dómstólaráð (judicial councils) hilmi ekki yfir ólögmetta háttsemi dómara, s.s. með því að skipa slík ráð fleiri utanaðkomandi. M.ö.o. er horfst í augu við að dómarar geta verið breyskir eins og allar aðrar manneskjur og hættan á að dómskerfið/dómarar reyni að vernda „heiður hússins“, vini sína og kollega er viðurkennd. Rík áhersla er lögð á að málsmeðferðarreglur og skilyrði fyrir beitingu agavalds og sviptingu embættis af dómara þurfi að vera skýrlega ákveðin í lögum.¹⁴

14. Endurskoða þarf agavald dómstjóra gagnvart héraðsdómurum. Samkvæmt núgildandi dómstólalögum fer dómstjóri héraðsdómstóls með ríkt stjórnunarvald á grundvelli lögbundins „agavalds“ samkvæmt 5. mgr. 16. gr. dómstólalaga og „hlýðniskyldu“ dómara samkvæmt 2. mgr. 24. gr. dómstólalaga. Engin endurskoðun hefur farið fram á þessum ákvæðum, sbr. 4. mgr. 31. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 43. gr. Þetta vald er vandmeðfarið í vinnuumhverfi þar sem bæði málaúthlutunar- og stoðþjónustukerfi er ógagnsætt. Það er óviðunandi að dómstjóri geti í

¹²Sjá nánar um Makten över domstolarna – om styrning av oberoende domstolar, <http://svit.se/svit/2014/597>
M.a. segir í lok greinarinnar: „Vid seminariet framfördes idén att ett framtida domarråd skulle kunna överta tillsynen över domstolarna. Här vill jag invända att ensådan ordning knappast skulle stärka intrycket av en fristående och oberoende granskning av domstolarna. Mot bakgrund av den enighet som råder angående domstolars oberoende, som ett särskilt fundamentalt rättsstatligt värde, framstår det som tveksamt att göra granskningen av domstolarnas och domarnas verksamhet till en intern angelägenhet. En grundläggande komponent i tillsynen över förvaltningen är att denna utförs av oberoende tillsynsorgan. Detsamma bör rimligen även gälla tillsynen över domstolarna. Både förvaltningen och domstolarna är viktiga instrument för att säkerställa att demokratiskt fattade beslut genomförs på ett likvärdigt sätt. En ordning som innebär att granskningens självständighet kan ifrågasättas riskerar att leda till att förtroendet för domstolarna rubbas. Det är återigen en fråga om legitimitet. Tilltron till verksamheten främjas inte av en – vad som utifrån kan uppfattas som – intern granskning.“

¹³ Að finna hér: <http://www.osce.org/odlhr/120508?download=true>

¹⁴ 3.3 Procedural Safeguards to Protect Judicial Independence 54. The UN Special Rapporteur on the Independence of Judges and Lawyers considers that procedures for lifting judicial immunity “must be legislated in great detail and should aim at reinforcing the independence of the judiciary”. 59. The legislator should also consider whether there should be exceptions to these procedural safeguards. Research shows that occasionally, judicial councils tend not to lift the immunity, i.e. give consent to the initiation of criminal proceedings against their peers, which may have a disastrous impact on the reputation of the judiciary as a whole. One way to prevent this situation from occurring could be to involve more “external members”/non-judges in the Council of Judges that may counterbalance the risk of self-protection and cronyism 60and prevent that judges who commit crimes such as corruption or bribery are protected from prosecution. 73. Furthermore, the introduction of such quota target would not reach its intended goal if no gender requirements are introduced in both the nomination process to identify candidates, as well as in the respective rules and procedures governing the election (by the Council of Judges), lot drawing (for civil society representatives) and appointment (by the Jogorku Kenesh and by the President) of the members of the Disciplinary Commission. Að finna hér: <http://www.osce.org/odlhr/120508?download=true>

samskiptum við dómara og undir formerkjum svokallaðs agavalds í raun tekið sér geðþóttavald í skjóli engra eða óljósra verkferla, s.s. um skiptingu verkefna, úthlutun mála, uppritun skýrslna sem teknar eru fyrir dómi, aðstoð löglærðra aðstoðarmanna og meistaranema, deildaskiptingu o.fl. Slíkir stjórnhættir geta leitt til þess að dómara telji sig þurfa að þóknast dómstjóra, meðvitað eða ómeðvitað, sem hefur í för með sér hættu gagnvart sjálfstæði dómara og býður heim tortryggni um að jafnræðis sé gætt. Hvorki í núgildandi lögum né frumvarpinu er kveðið á um samsvarandi agavald forseta Hæstaréttar og Landsréttar gagnvart dómurum á þeim dómstigum.

III. Ákvæði frumvarpsins um stjórnkerfi dómsvaldsins viðhalda því að dómsvaldið sé lokuð regla.

1. Ákvæði frumvarpsins um stjórnkerfi dómsvaldsins, þ. á m. val forstöðumanna dómstóla, skipan stjórnar dómstólasýslunnar, aganefndar dómara og dómaraValnefndarinnar og tilnefningaraðila í þessi ráð og nefndir tryggja ekki fjölbreytileika og fullnægjandi hæfni og þekkingu innan þessara nefnda á viðfangsefnum sínum né eru þau til þess fallin að fyrirbyggja samtryggingartengsl og hagsmunaárekstra sem geta falið í sér spillingarhættur.

2. Tryggja þarf með lögum fagleg störf og stjórnun forstöðumanna dómstóla, stjórna og nefnda dómskerfisins með trúverðugleika og heilindi dómsvaldsins að leiðarljósi. Mikilvægt er að lagareglur um þetta séu til þess fallnar að tryggja faglega störf og stjórnun, fjölbreytileika, gagnsæi, lýðræðislegt skipulag, trúnað og traust. Til reka metnaðarfulla sjálfstæða, faglega, hlutlausu dómstóla þurfa stjórnendur að hafa getu, þekkingu og metnað til að leiða og reka dómstóla í samræmi við framangreindar kröfur um sjálfstæða, hlutlausu og óháða dómstóla. Til þess þarf m.a. að lögbinda faglegt val/ráðningu stjórnenda dómskerfisins, þ.á m. hæfniskröfur og faglegt hæfnismat, eins og t.d. í Noregi,¹⁵ Danmörku¹⁶ og Svíþjóð. Ekki verður séð að það gerist öðru vísi en með því að taka af dómurum valdið til að kjósa stjórnendur sína án frekari skilyrða.

3. Lögfesta þarf a.m.k. skyldu dómstólasýslunnar til að setja hlutlausar reglur um úthlutun mála til dómara og deilda í samráði við forstöðumenn dómstólanna og birtingu þeirra. Án skýringa segir í athugasemdum frumvarpsins um 33. gr. að ekki sé ráðgert að dómstólasýslan setji reglur um úthlutun mála en samkvæmt 18. gr. gildandi dómstólalaga getur Dómstólaráð sett slíkar reglur sem það hefur þó ekki gert – því miður. Það er óviðunandi að dómstjóri geti í samskiptum við dómara og undir formerkjum svokallaðs agavalds í raun tekið sér geðþóttavald í skjóli engra eða óljósra verkferla. Það er ekki síður mikilvægt út á við að málum sé úthlutað eftir fyrirfram ákveðnum reglum, t.d. með lotterí og að úthlutun mála eigi sér ekki stað eftir sérstöku mati.¹⁷ Hér má hafa hliðsjón af úthlutunarreglum á hinum Norðurlöndunum og laga- og regluhverfi um þær.

4. Hvorki er fjallað um né tekið á veikri stöðu kvenna í dómskerfinu. Athygli vekur að þrátt fyrir að sterkar vísbendingar um að það halli á konur í dómkerfinu, þ.á m. ítrekaðar ábendingar alþjóðlegra stofnana, s.s. Sameinuðu þjóðanna um það og tilmæli til íslenskra stjórnvalda um úrbætur, síðast í mars sl.,¹⁸ er ekki vikið að því vandamáli í frumvarpinu eða hvernig fjölga eigi konum í ráð og nefndir

¹⁵ T.d. hefur norska dómstólaráðið skilgreint eftirfarandi hæfnisviðmið/kröfur til dómstjóra: „Faglig kompetent, resultatorientert, medarbeiderorientert, brukerorientert og utviklingsorientert“, sjá nánar hér <https://www.domstol.no/to/uto/5-Tidligere-yrkeserfaring/>

¹⁶ Hæstiréttur Danmerkur kýs þó forseta réttarsins eftir því sem ég best veit.

¹⁷ Hér er höfð hliðsjón norska Delrapport nr. 10 norsku Domstoladministrasjonen: Tilfeldighetsprinsippet, bls. 108 o.áfr. Að finna hér:

https://www.domstol.no/globalassets/upload/internett_fillister/da/publikasjoner/rapporter/rapporter-2010-og-tidligere/delrapporter-lok-prosjekt-pdf.pdf

¹⁸ Sjá hér: http://tbinternet.ohchr.org/Treaties/CEDAW/Shared%20Documents/ISL/CEDAW_C_ISL_CO_7-8_21662_E.pdf

dómskerfisins, hvað þá Hæstarétti. Þetta þarf að skoða betur. Í skýrslu mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna frá 30. júní 2015 UN resolution on independence of judges & lawyers er rík áhersla m.a. lögð á rík áhersla á að kynjajafnvægi sé ein af forsendum sjálfstæðs og hlutlauss dómssvalds.¹⁹ Sömu sjónarmið og áherslur er að finna í fyrrgreindri Feneyjarskýrslu m.a. því til stuðnings að mikilvægt sé að jafna stöðu kynjanna í nefndum innan dómskerfisins.²⁰

